

MINNISPUNKTAR BÆJARSTJÓRA

- Starfsemi Stykkishólmsbæjar og stofnanna bæjarins færist nú nær eðlilegu horfi eftir takmarkanir sem í gildi voru vegna COVID-19. Þjónusta bæjarins var víða skert á þessum tímum en nú taka hjartari tímar við. Skólastarf gekk vel með breyttu sniði. Skólastarf tók breytingum til að aðlaga sig að sóttvarnareglum. Sunlaug Stykkishólms var lokað vegna sóttvarnartilmæla á tímabilinu og tíminn nýttur til þess að ráðast í framkvæmdir og viðhald sundlauginni og búningasklefum.
- Stykkishólmsbær auglýsti aðgerðir bæjarins til viðspyrnu og varna vegna COVID-19. Hægt er að kynna sér aðgerðirnar á vef bæjarins. Aðgerðaáætlunin ber yfirskriftina "Fjárhagslegar og samfélagslegar aðgerðir Stykkishólmsbæjar til viðspyrnu og varna vegna Covid-19" og er skipt upp í þrjá kafla:
 1. Varnir í þágu heimila og fyrirtækja
 2. Efling samfélagsins
 3. Sterkari innviðir undirstaða öflugs samfélags

Um er að ræða fyrstu almennu aðgerðir bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar og verða þær endurskoðaðar reglulega eftir því sem áhrifin skýrast.

- Vinna við endurbættan göngustíg úr Maðkavík að Stykkishólmskirkju gengur vel (Kirkjustíg), gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki í þessum mánuði.
- Unnið er nú að því að lagafæra tjón sem varð á Hafskipsbryggjunni á sínum tíma. Gert er ráð fyrir að lokið verði við viðgerð á Hafskipsbryggju á næstu dögum, en verkefnið er unnið undir eftirliti Vegagerðarinnar.
- Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar mótmælti kröftuglega, á fundi sínum í byrjun maí mánaðar, ákvörðun sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um að stöðva fyrirvaralaust grásleppuveiðar við landið. Bæjarstjórnin skoraði jafnframt á Hafrannsóknastofnun og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að endurskoða heimild til grásleppuveiða á innanverðum Breiðafirði og fjölga veiðidögum þar til samræmis við áður gildandi reglugerð. Þá skoraði bæjarstjórn á Alþingi að endurskoða strax núverandi fyrirkomulag á grásleppuveiðum til að tryggja að þessi staða komi ekki upp aftur.
- Sjávarútvegsráðherra boðaði, grásleppusjómenn sem hafa leyfi til grásleppuveiða við innanverðan Breiðafjörð í sumar, sbr. reglugerð 407/2020, til fundar miðvikudaginn 13. maí, kl. 20:00 í Ambtsbókasafninu í Stykkishólmi. Vegna sóttvarnafyrirmæla takmarkaðist fjöldi við einn einstakling frá hverri útgerð (bát) svo hægt væri að virða 2 metra regluna og fjöldamörk á fundum. Í framhaldi af fundi grásleppusjómannanna með ráðherra hvatti bæjarráð Stykkishólmsbæjar ráðherra til þess að útfæra núverandi fyrirkomulag grásleppuveiða, sbr. reglugerð 407/2020, með þeim hætti sem endurspegladist í vilja grásleppusjómannanna á fundi sjómannanna með ráðherra þannig að ekki þurfi að koma til ólympískra veiða 20. maí nk. Í framhaldi af fundi ráðherra í Stykkishólmi og hvatningu bæjarráðs gaf ráðherra út fyrirbyggjandi breytingu á reglugerð um hrognkelsaveiðar á árinu 2020, dags. 15. maí 2020.
- Samþykkt um kattahald og gæludýrahald annað en hundahald í Stykkishólmi var kynnt á vefsíðu bæjarins. Samþykktin var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 8. apríl sl. og tók þar með gildi. Eigendur katta og annara gæludýra voru hvattir til að kynna sér samþykktina vel og skrá gæludýrin sín sem fyrst.

- Hundaeigendur voru hvattir, á vef Stykkishólmsbæjar, til að virða taumskyldu í bæjarlandinu í kjölfar þess að athugasemdir bárust Ráðhúsinu.
- Trjágróður sem vex út fyrir lóðarmörk getur skapað óþægindi og jafnvel hættu fyrir gangandi og akandi vegfarendur. Stykkishólmsbær hvatti á dögnum garðeigendur til að klippa tré sín svo þau hvorki hindri vegfarendur, hylji umferðarskilti, götumerkingar né dragi úr götulýsingu. Þetta var auglýst á vef bæjarins og í svæðisblaðinu Jökli.
- Stykkishólmsbær auglýsti laus sumarstörf fyrir námsmenn 18 ára og eldri. Um er að ræða þátttöku Stykkishólmsbæjar í átaksverkefni á vegum vinnumálastofnunar til að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn nú í sumar í ljósi aðstæðna af völdum COVID-19. Meðal starfa eru fjölbreytt umhverfisstöf, störf sem snúa að stjórnsýslu og þjónustu við bæjarbúa, störf sem tengjast atvinnumálum og ýmis skráningarvinna. Stykkishólmsbær fékk 13 störfum til námsmanna úthlutað.
- Stykkishólmsbær auglýsti eftir starfsfólki í þjónustumiðstöð og flokksstjórum til að starfa við vinnuskólann sumarið 2020. Að þessu sinni var árgangi 2003 var einnig boðinn vinna í sumar sem liður í mótvægisáðgerðum Stykkishólmsbæjar. Undirbúningsvinna vegna sumarstarfsmanna er hafin og hafa tómstunda- og æskulýðsfulltrúi og verkstjóri þjónustumiðstöðvar fundað með flokksstjórum sumarsins til að skipuleggja vinnuna.
- Auglýstar voru lausar stöður frá 1. ágúst við Grunnskólann í Stykkishólmi. Einnig voru auglýstar lausar stöður við Leikskólann í Stykkishólmi.
- Vestfjarðarvíkingurinn 2020 kemur í Stykkishólm á seinni degi keppinnar, sunnudaginn 5. júlí. Keppt verður í tveimur greinum í Stykkishólmi og í kjölfar verður verðlaunaafhending og Vestfjarðarvíkingurinn 2020 krýndur.
- Undirbúningur við sumarnámskeið fyrir 1-7. bekk er nú í fullum gangi, boðið verður upp á leikjanámskeið fyrir 1-3. bekk og ævintýranámskeið, skýlminganámskeið og smíðavelli fyrir 4-7. bekk. Námskeiðin verða á tímabilinu 8.júní- 3.júlí. Til skoðunar er að útvíkka leikjanámskeið fyrir yngri árganga.
- Dagskrá sjómannadagsins 2020 hefur verið auglýst á vefsíðu bæjarins og sömuleiðis hefur verið greint frá því að þjóðhátíðardagurinn, 17. júní, verið haldinn hátíðlegur í Stykkishólmi. Nánari dagskrá verður auglýst síðar en starfsmenn Ráðhússins vinnu nú að dagskrá fyrir daginn í samræmi við ákvörðun bæjarráðs þar um.
- Leikhópurinn Lotta sýnir fjölskyldusöngleikinn Bakkabræður mánudaginn 8. júní í Hólmgarðinum.
- Unnið er nú að því að auglýsa hönnunarsamkeppni fyrir útsýnisstað í Súgandisey Markmið hönnunarsamkeppninnar er að auka útsýnis- og náttúruupplifun íbúa og gesta svæðisins, auka aðdráttarafl Stykkishólms sem eftirsóknarverðs ferðamannastaðar á Snæfellsnesi og ekki síst að tryggja betur öryggi þeirra er ganga á Súgandisey. Verkefnið hlaut í mars styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.
- Vinna stendur nú yfir við að þökuleggja meðfram göngustígum sem malbikaðir voru í lok síðasta sumars.

- Framkvæmdir við sundlaug ganga vel og gert ráð fyrir að hægt verði að opna á ný um komandi helgi með stærri búningsklefum og endurbættri aðstöðu.
- Útsendinga- og upptökubúnaði hefur verið komið fyrir í bæjarstjórnarsal á 3. hæð Ráðhússins. Framkvæmdum á hæðinni er jafnframt lokið. Vonir standa til þess að næsti fundur bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar verði sendur út í beinni útsendingu á Youtube. Er það liður í því að opna stjórnsýslu bæjarins enn frekar fyrir íbúum.
- Framkvæmdum við gamla skólastjórabústaðinn að Skólastíg 11 er lokið, búið er að mála og ganga frá skólplögnum. Húsnæðið verður nýtt fyrir sumarstarfsfólk Dvalarheimilis.

***Jakob Björgvin Jakobsson,
bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar***